



MANNVIT



DEILISKIPULAG Í ÞÉTTBÝLI FJALLABYGGÐAR

ÞJÓÐVEGUR Í ÞÉTTBÝLI FJALLABYGGÐAR - SIGLUFJÖRÐUR

FJALLABYGGÐ

DEILISKIPULAG - GREINARGERÐ

OKTÓBER 2022

Málsmeðferð

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Fjallabyggðar þann

f.h. Fjallabyggðar

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í bæjarstjórn _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Efnisyfirlit

Málsmeðferð	2
1. Inngangur	1
1.1 Skipulagsgögn	1
2. Forsendur og staðhættir	2
2.1 Skipulagssvæðið	2
2.2 Landsskipulagsstefna	2
2.3 Svæðisskipulag Fjallabyggðar	3
2.4 Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032	3
2.5 Deiliskipulag	4
2.6 Umferð og hraði	4
2.7 Umferðarspá	4
2.8 Umferðaróhöpp	5
2.9 Samgönguáætlun	6
2.10 Umferðarhávaði	6
2.11 Umferðaröryggisáætlun	6
2.12 Loftgæði	6
2.13 Afmörkun veghelgunarsvæðis	6
3. Skilmálar	6
3.1 Almennt	6
3.2 Lóðir	7
3.3 Kvaðir	7
3.4 Gatnamót	7
3.5 Leiðir gangandi og hjólandi	8
3.6 Hljóðvarnir	8
3.7 Áningarstaðir	8
3.8 Gatnalýsing	9
3.9 Stoppistöðvar	9
3.10 Bílastæði	9
3.11 Umferðarhraði	9
3.12 Veitur	9
3.13 Fornminjar	9
4. Umhverfisskýrsla	10

5. Kynning og samráð.....	11
5.1 Umsagnaraðilar	11
5.2 Skipulagsferli.....	11

1. Inngangur

Í greinargerð þessari er sett fram deiliskipulag fyrir þjóðvegi í þéttbýli Fjallabyggðar. Tvö þéttbýli eru innan Fjallabyggðar; Ólafsfjörður og Siglufjörður og er fjallað um Siglufjörð í þessari umfjöllun.

Á skipulagssvæðinu sem um ræðir eru núverandi þjóðvegir nokkuð breiðar og rými til breytinga til staðar, t.d. uppsetning þrenginga, miðeyja, breikkun gangstétta o.s.frv. Ákvörðun um í hvaða átt eða með hvaða hætti vilji er til að breyta hangir á heildarmyndinni og hvert stefnt er til framtíðar.

Sveitarfélagið Fjallabyggð ákvað í samvinnu við Vegagerðina að hefja skipulagsvinnu á þjóðvegum í þéttbýli Fjallabyggðar þar sem reglulega eru settar fram óskir um stöku umferðaröryggisaðgerðir sem erfitt er að ákveða án þess að hafa lokið vinnu við að ákveða heildarmynd þjóðveganna í þéttbýlinu.

Tilgangur skipulagsins er að auka umferðaröryggi á skipulagssvæðinu og stuðla að bættu aðgengi fyrir vistvæna ferðamáta og bæta tengingar um svæðið. Ráðgert er að breytingar verði á útfærslu vegstæðis innan afmörkunar skipulagssvæðisins til að minnka umferðarhraða, auðvelda þverun gangandi og hjólandi vegfarenda og almennt stuðla að bættu umferðaröryggi.

Lengd þjóðvegur í gegnum Siglufjörð er u.þ.b. 3,5 km. Á þessum kafla eru m.a. gatnamót, bílastæði og innkeyrslur inn á lóðir.

Umferðaröryggisaðgerðir fyrir bæði akandi og gangandi/hjólandi vegfarendur eru settar fram í deiliskipulaginu.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmynda frá Loftmyndum ehf. og kortagrunni sveitarfélagsins. Skipulagsgögn utan skipulagssvæðisins s.s. lóðamörk eru einungis til skýringar. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdrættir í mkv. 1:1.000 og 1:4.000, dagsettir **25. mars 2022.**
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum, dagsett **25. mars 2022.**

2. Forsendur og staðhættir

2.1 Skipulagssvæðið

Þjóðvegir í þéttbýli Siglufjarðar eru tveir og flokkast þeir báðir sem stofnvegir. Annars vegar Siglufjarðarvegur (76) frá suðri við vegamótin við Skarðsveg (793), gegnum bæinn (Langeyrarvegur/Snorrágata/Túngata/Hvanneyrarbraut) og fram yfir áningarstað norðan Hólavegar (sjá merkt með rauðu á mynd hér að neðan). Hins vegar Gránugata (792) frá vegamótum við Snorrágötu (76) (sjá merkt með bláu á mynd hér að neðan). Heildarlengd er um 3,5 km.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Siglufirði. Deiliskipulagsmörk með þjóðvegum í þéttbýli sýnd með rauðri og blárri strikalinu.

2.2 Landsskipulagsstefna

Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags. Landsskipulagsstefnu er ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands og þar stendur m.a.:

„2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.“

„3.5.2 Samgöngur í þéttbýli

Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.“

Deiliskipulagið tekur á þessum atriðum úr landsskipulagsstefnu.

2.3 Svæðisskipulag Fjallabyggðar

Svæðisskipulag Fjallabyggðar fellur undir svæðisskipulag Eyjafjarðar. Stefna svæðisskipulagsins er m.a. að leggja áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningsamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur.

Deiliskipulagið er að hluta til í samræmi við þessa stefnu þar sem um þjóðvegi er að ræða sem tengja saman byggðirnar á Tröllaskaga og með nýju skipulagi er verið að bæta öryggi allra vegfarenda. Þá verða allar forsendur fyrir almenningsamgöngur betri sem og öryggi gangandi og hjólandi eykst en samkvæmt skipulaginu munu aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur batna til muna innan þéttbýlisins.

2.4 Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032

Nýtt aðalskipulag Fjallabyggðar hefur verið samþykkt og sent Skipulagsstofnun til lokaafgreiðslu og gildistöku.



Mynd 2: Drög að aðalskipulagi á Siglufirði (kortasjá Fjallabyggðar).

Þjóðvegurinn í gegnum Siglufjörð er stofnbraut sem liggur meðfram fjölbreyttri landnotkun. Syðst liggur vegurinn (Langeyrarvegur) meðfram afþreyingar og ferðamannasvæði og íþróttasvæði. Vestan megin við veginn er svo óskilgreint svæði. Þegar komið er inn í byggð liggur vegurinn sem kallast Snorrargata á milli íbúðabyggðar til vesturs og afþreyingar og ferðamannasvæðis til austurs. Vestan megin við veginn má finna samfélagsþjónustu en austan megin við veginn er hafnarsvæði og síðar samfélagsþjónustusvæði og verslunarsvæði. Þar sem vegurinn þverar Suðurgötu og Gránugötu fær hann heitið Túngata og liggur þar í gegnum miðsvæðið og síðar í gegnum íbúðarbyggð. Farið er til vesturs og svo norður Hvanneyrarbraut sem liggur áfram í gegnum íbúðarbyggð en austan við veginn má finna íþróttasvæði. Við skipulagsmörk er vegurinn með opið svæði til vesturs og strandsvæði til austurs.

Vatnsveitulagnir þvera Snorrargötu við Norðurtanga og við Mánagötu, liggja svo meðfram Túngötu frá Aðalgötu norður að Túngötu 38. Vatnsveitan liggur síðan frá Hvanneyrarbraut við Túngötu og norður að Fossvegi. Fráveitulagnir þvera Langeyrarveg við Norðurtún og Snorrargötu við Vesturtanga. Aftur

þvera þær veginn við Snorragötu 8 og liggur meðfram Túngötu frá Gránugötu og norður að Hvanneyrarbraut og meðfram Hvanneyrarbraut norður að skipulagsmörkum.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

2.5 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag við Eyrarflöt (1) sem liggur að skipulagsmörkum þjóðvegur í þéttbýli, einnig er í gildi deiliskipulag Snorragötu (2), deiliskipulag miðbæjar Siglufjarðar (3), deiliskipulag íbúðarsvæðis á malarvellinum á Siglufirði (4) og deiliskipulag í Skarðsdal (5). Gera þarf ráð fyrir að gildandi deiliskipulagsáætlanir er hafa mörk innan skilgreinds þjóðvegur þurfi e.t.v. endurskoðun m.t.t. breytinga. T.d. tilheyrir hluti þjóðvega deiliskipulagi miðbæjarins; annars vegar Túngata frá Gránugötu að Hvanneyrarbraut og hins vegar Gránugata frá Túngötu að Grundargötu og hluti þjóðvega tilheyrir einnig deiliskipulagi Snorragötu.



Mynd 3: Gildandi deiliskipulög á Siglufirði.

2.6 Umferð og hraði

Við skipulagsmörk, bæði í norðri og suðri, er skiltaður hámarkshraði 70 km/klst. en lækkar í 50 km/klst. við bæjarmörkin. Hámarkhraði í gegnum þéttbýli Siglufjarðar er í dag 35 km/klst.


Vegagerðin gefur út umferðarspár en ekki er til nýleg umferðarspá fyrir Fjallabyggð. Því er miðað við 2% aukningu á umferð á næstu 20 árum til að framreikna umferð á þjóðveginum á skipulagssvæðinu og er það lagt fram í samráði við Vegagerðina.

2.7 Umferðarspá

Við tilkomu Héðinsfjarðargangna hefur umferð í gegnum bæinn aukist til muna og er umferðin því mikið gegnumstreymisumferð. Gert er ráð fyrir 2% árlegri aukningu í umferð á næstu 20 árum.

Tafla 1: Umferðarspá næstu 20 árin (ÁDU)¹.

Vegkafli	Upphafspunktur	Endapunktur	ÁDU 2020	ÁDU 2030	ÁDU 2040
76-12	Siglufjörður, Hólavegur	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)	1.150	1.402	1.709
76-13	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)	Siglufjörður, Norðurtún	1.250	1.524	1.857
76-14	Siglufjörður, Norðurtún	Skarðsvegur (793-01)	860	1.048	1.278
792-01	Siglufjarðarvegur (76-13)	Hafnarsvæði	750	914	1.114



Mynd 4: Umferð 2020, Vegagerðin.



Mynd 5: Slyss og óhöpp við þjóðveg í gegnum Siglufjörð 2013-2021, Vegagerðin.

2.8 Umferðaróhöpp

Samkvæmt kortasjá Vegagerðarinnar eru skráð um 36 slyss eða óhöpp frá ársbyrjun 2013 til ársloka 2021 á þjóðvegnum á Siglufirði, sjá mynd hér að ofan. Eitt slys með miklum meiðslum (rauður punktur), átta slyss með litlum meiðslum (gulur punktur) og 27 slyss/óhöpp með engum meiðslum (grænn punktur)².

¹ Umferð 2020, Vegagerðin, slóð: <https://umferd.vegagerdin.is/>

² Tölur úr kortasjá Vegagerðarinnar.

2.9 Samgönguáætlun

Framkvæmdir þessar sem fyrirhugaðar eru, eru ekki á samgönguáætlun.

2.10 Umferðarhávaði

Ef skipulagið verður til þess að umferð um vegina eykst verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki skal Vegagerðin skv. Vegalögum bera að minnsta kosti helming kostnaðarins er til kemur vegna aðgerða þar að lútandi³.

2.11 Umferðaröryggisáætlun

Í gildi er umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar frá 2010/2011 og tekur deiliskipulagið að töluverðu leyti tillit til þess sem þar kemur fram á því svæði sem skipulagið nær til. Áætlunin var búin til af ráðgjöfum sveitarfélagsins sem leiðbeiningar til stjórnýslu bæjarins en með tilkomu Héðinsfjarðarganga breyttust forsendur umferðar bæði fyrir Siglufjörð og Ólafsfjörð þar sem nú er hægt að keyra í gegnum þéttbýlin sem áður voru endastöðvar.

Megin markmiðið með umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar er að fækka slysum og gera alla vinnu á sviði umferðaröryggis markvissari.

2.12 Loftgæði

Ekki eru neinir mælar til að mæla loftgæði í Fjallabyggð.

2.13 Afmörkun veghelgunarsvæðis

Samkvæmt 32. gr. vegalaga nr. 80/2007 skal veghelgunarsvæði stofnvega vera 30 m frá miðlínu og 15 m frá miðlínu á öðrum þjóðvegum nema veghaldari gefi leyfi til annars. Skipulag göngu- og hjólaleiða innan veghelgunarsvæða þarf að vinna í samráði við og með leyfi frá Vegagerðinni. Veghelgunarsvæðið er afmarkað á uppdrætti.

3. Skilmálar

3.1 Almennt

Vegstæðið sem deiliskipulagið nær til er að hluta til nokkuð gamalt og hefur byggðin meðfram götunni þróast á löngum tíma. Unnið er með það rými sem götukassanum er gefið og ekki farið í stórfelldar breytingar á aðliggjandi svæðum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 3,5 m breiðum akreinum og hefðbundinn tveggja akreina vegur er því 7,0 m breiður. Þar sem núverandi vegstæði er á sumum stöðum nokkuð vítt, er almennt gert ráð fyrir einhverri þrengingu akreina og rými fyrir gangandi og

³ Vegalög nr. 80/2007, 18 gr., slóð: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html>

hjólandi vegfarendur þess í stað aukið. Við endurhönnun gatna skal sérstaklega horft til frágangs á kantsteinum og frágangi umferðareyja með það að markmiði að takmarka skemmdir við snjómokstur.

3.2 Lóðir

Til að koma fyrir göngu- og hjólastígum meðfram götu er þörf á að gera takmarkaðar breytingar á eftirtöldum lóðum.

Lóð	
Snorragata 2	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 3	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 5	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 10A – 10B	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 12	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 38	Aðlögun marka gagnvart götu
Túngata 43	Aðlögun marka gagnvart götu
Hvanneyrarbraut 53 – 61	Aðlögun marka gagnvart götu
Hvanneyrarbraut 65	Aðlögun marka gagnvart götu
Hvanneyrarbraut 67A – 67C	Aðlögun marka gagnvart götu
Gránugata 1 – 3	Aðlögun marka gagnvart götu
Gránugata 5	Aðlögun marka gagnvart götu
Gránugata 15	Aðlögun marka gagnvart götu
Gránugata 17	Aðlögun marka gagnvart götu

Skerðingar þessar eru taldar nauðsynlegar til að koma fyrir göngu- og hjólastíg eftir öllum þjóðveginum.

3.3 Kvaðir

Engar sérstakar kvaðir eru settar á.

3.4 Gatnamót

Í skipulaginu eru sýndar breytingar á nokkrum gatnamótum. Einnig er gert ráð fyrir að Hvanneyrarbraut til suðurs verði lokað við gatnamót Hvanneyrarbrautar, Túngötu og Hlíðarveg. Þannig verður Hvanneyrarbraut frá Þormóðsgötu að botngötu. Að öðru leiti eru gatnamót að mestu óbreytt en nánari útfærslur á gatnamótum verða skoðaðar á næstu stigum hönnunar, t.d. hvort æskilegt er að setja yfirkeýranlega dropa/miðeyjur í sumar hliðargötur.

Þá eru nokkur gatnamót við þjóðvegina sem tilheyra deiliskipulagi miðbæjarins; gatnamót Snorrögötu og Gránugötu, gatnamót Túngötu og Suðurgötu, gatnamót Túngötu og Aðalgötu, gatnamót Túngötu og Hvanneyrarbraut, gatnamót Gránugötu og Grundargötu.

3.5 Leiðir gangandi og hjólandi

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastígum alla leiðina meðfram þjóðveginum en með því er aðgengi fyrir íbúa og aðra gesti bætt.

Gert er ráð fyrir sameiginlegum göngu- og hjólastíg vestan megin við þjóðveginn þegar komið er inn í Siglufjörð úr suðri. Þessi stígur nær að gatnamótum Snorrögötu og Norðurtanga en frá þeim gatnamótum breikkar hann vestan þjóðvegur en einnig verður göngu- og hjólastígur austan megin við þjóðveginn, alveg að miðbænum.

Norðan megin við miðbæinn halda göngu- og hjólastígar áfram beggja megin við veginn, alveg norður að beygjunni frá Túngötu inn á Hvanneyrarbraut. Þar breikkar stígurinn vestan megin við þjóðveginn. Stígurinn austan megin nær alveg út að Hvanneyrarbraut 80 en stígurinn vestan megin endar við áningarstaðinn sem er rétt norðan við Hólaveg.

Uppbygging á þessum göngu- og hjólastígum og gangstéttum gerir íbúum og öðrum gestum auðveldara fyrir að ferðast hjólandi eða gangandi um bæinn á vistvænan og öruggan hátt. Í skipulagi þessu er ekki tekið fyrir nein skipting milli gangandi og hjólandi á stígum og er því um að ræða útfærsluatriði við nánari hönnun. Leggja þarf áherslu á forgang stíganna í snjómokstri þar sem æskilegt er að þeir sé greiðfærir allt árið.

Megin gönguþveranir yfir þjóðveginn eru sýndar og þar sem aðstæður leyfa eru þar einnig sýndar umferðareyjur með þrengingu. Skulu þessar gönguþveranir vera sérstaklega áberandi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda tryggt með merkingum og góðri lýsingu á gönguþverunina og hliðarsvæði hennar.

3.6 Hljóðvarnir

Ekki er gert ráð fyrir hljóðvörnum í deiliskipulaginu.

3.7 Áningarstaðir

Áningarstaður er vestan megin Siglufjarðarvegar á leið til Siglufjarðar úr suðri. Gert er ráð fyrir að hann verði óbreyttur en tengdur við þéttbýli Siglufjarðar með sérstökum göngu- og hjólastíg. Sá áningarstaður er innan deiliskipulagsmarka. Annar áningarstaður er vestan megin Siglufjarðarvegar á leið til Siglufjarðar úr norðri sem einnig er tengdur við göngu- og hjólastíg. Sá áningarstaður er ekki innan deiliskipulagsmarka.

3.8 Gatnalýsing

Mælt er með að veglýsing þéttbýlisins nái út fyrir þéttbýlishliðin. Hafa skal sterka og annarskonar lýsingu við gangbrautir⁴.

3.9 Stoppistöðvar

Tillögur að staðsetningum stoppistöðva hafa verið settar inn ásamt því að rými er tekið frá fyrir stærri gerð stoppistöðva. Gert er ráð fyrir að nánari útfærslur verðir skoðaðar á seinni stigum hönnunar. Stoppistöðvar eru annars vegar staðsettar á Siglufjarðarvegi beggja vegna við veginn rétt norðan við Norðurtún og hins vegar beggja vegna við veginn sunnan ráðhússins í miðbæ Siglufjarðar (skv. skipulagi miðbæjar Siglufjarðar).

3.10 Bílastæði

Almennum bílastæðum meðfram Hvanneyrarbraut verður komið fyrir beggja vegna samsíða veginum við innkeyrslur að Hvanneyrarbraut 40-52 og Hvanneyrarbraut 55-63. Með þessari breytingu á fyrirkomulagi bílastæðum er verið að horfa til umferðaröryggis þar sem verið er að fækka bílastæðum þar sem bakka þarf út á þjóðveg.

3.11 Umferðarhraði

Umferðarhraði er meginatriði í umferðaröryggi í íbúðarhverfum og á svæðum þar sem saman fer umferð gangandi og hjólandi og umferð bifreiða. Líkur á alvarlegum slysum eru mun meiri við 50 km/klst. hraða en 30 km/klst. hraða.

Við skipulagsmörk, bæði í norðri og suðri, er skiltaður hámarkshraði 70 km/klst. en lækkar í 50 km/klst. við bæjarmörkin. Hámarkshraði í gegnum þéttbýli Siglufjarðar er í dag 35 km/klst. Breytingar á hámarkshraða kalla ekki á breytingar á deiliskipulagi þessu.

3.12 Veitur

Samráð skal haft við Fjallabyggð, veitustofnanir og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og möguleika á færslu lagna.

3.13 Fornminjar

Á Siglufirði eru engar skráðar menningar- og náttúruminjar á svæðinu. Bent er á ákvæði í lögum um áður ókunnar fornminjar, 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og

⁴ Þjóðvegir í þéttbýli Leiðbeiningar 2010, Vegagerðin, slóð:
[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Thjodvegir_thettbyli-Leidbeiningar/\\$file/%C3%9Ej%C3%B3vegir%20%C3%AD%20%C3%BE%C3%A9ttb%C3%BDli%20%20-%20Lei%C3%B0beiningar.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Thjodvegir_thettbyli-Leidbeiningar/$file/%C3%9Ej%C3%B3vegir%20%C3%AD%20%C3%BE%C3%A9ttb%C3%BDli%20%20-%20Lei%C3%B0beiningar.pdf)

ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.,,

4. Umhverfisskýrsla

Samkvæmt nýjum lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur framkvæmd þessi undir flokk B í viðauka 1, eða nánar tiltekið undir lið 10.10, „Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.09“. Framkvæmdir í flokki B eru ekki alltaf háðar umhverfismati og þessi tiltekna framkvæmd mun ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þar sem verið er að leggja veginn í eldra vegstæði.

Í umhverfismati eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem stefnumörkun deiliskipulags getur haft áhrif á og haft í för með sér umhverfisáhrif. Á þessu stigi eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem sýndir eru í töflu 2 hér að neðan. Í kynningarferli geta komið upp ábendingar um aðra umhverfisþætti sem skoða ber nánar í umhverfisskýrslu.

Tafla 2: Umhverfisþættir til umfjöllunar í umhverfismati.

Umhverfisþáttur	Umfjöllunarefni	Viðmið	Áhrif á skipulagssvæðið og aðliggjandi svæði
Náttúrufar	Möguleg áhrif á náttúrufar (gróður, dýralíf)	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.	Ekki talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufar þar sem vegurinn er að mestu í núverandi vegstæði.
Menningarminjar	Möguleg áhrif á fornleifar og menningarminjar.	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.	Engar skráðar menningar og náttúru minjar eru á Siglufirði.
Samfélag og öryggi	Áhrif á umferðaröryggi, hljóðvist, loftgæði.	Stefna aðalskipulagsáætlana Reglugerð um hljóðvist.	Gert er ráð fyrir stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur meðfram veginum með því markmiði að gera svæðið aðgengilegra fyrir íbúa og ferðamenn. Ekki er gert ráð fyrir að nýtt skipulag muni hafa mengandi áhrif á aðliggjandi svæði eða byggð.

5. Kynning og samráð

Tillagan verður auglýst á netinu og leitað umsagna hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum hagsmunaaðilum.

5.1 Umsagnaraðilar

Deiliskipulagið er unnið í samráði við verkkaupa (Vegagerðin og Fjallabyggð). Óskað verður eftir umsögnum frá:

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Vegagerðinni

Minjastofnun Íslands

Veitustofnunum

5.2 Skipulagsferli

Lýsing á deiliskipulagstillögunni er unnin sbr. 40. – 42. gr. skipulagskaga nr. 123/2010. Stefnt er að því að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá **XX-XX 2022** og að skipulagið taki gildi **XXXX 2022**.

Skipulagið öðlast gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðanda.